

Árið 1996, föstudaginn 8. nóvember var Kjaradómur settur að Borgartúni 33, Reykjavík og haldinn af Þorsteini Júlíussyni, Guðrúnu Zoëga, Hólmfríði Árnadóttur, Jóni Sveinssyni og Magnúsi Óskarssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákvarða um launakjör dómara, þ.e. hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 2. gr. laga nr. 120, 31. desember 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

Í 2. gr. laga nr. 120 frá 31. desember 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd er Kjaradómi gert að ákveða m.a. hæstaréttardómurum og héraðsdómurum laun. Löggjafinn hefur ekki falið öðrum ákvörðunarvald um þetta efni.

Hinn 12. nóvember 1993 ákvað Kjaradómur, að dómarar skyldu til viðbótar föstum launum, vegna breyttra og aukinna starfsskyldna í kjölfar gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði hinn 1. júlí 1992, njóta sérstakra launa fyrir alla yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma frá 1. desember 1993 svo sem nánar er kveðið á í úrskurðinum.

Fljótlega eftir að Kjaradómur hafði birt ákvörðun sína reis ágreiningur milli dómara og fjármálaráðuneytis um orlofsgreiðslur vegna þessarar yfirvinnu. Ekki var leitað til Kjaradóms um formlegan úrskurð vegna deilu þessarar, en fjármálaráðuneytið spurðist fyrir um það hvernig bæri að skilja úrskurðinn. Svaraði Kjaradómur fjármálaráðuneytinu tvisvar bréflega eða hinn 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994, og voru þau svör mjög afdráttarlaus um það hvernig skilja bæri úrskurðinn og hvað í honum fælist.

Þrátt fyrir ótvíræða skýringu Kjaradóms á eigin ákvörðun sömdu fjármálaráðherra og Dómarafélag Íslands um það að leggja ágreiningsmálið fyrir Félagsdóm, sem dæmdi í málinu hinn 14. október s.l. Með þeim dómi er efnislega breytt þeim kjörum, sem Kjaradómur ákvað viðkomandi embættismönnum.

Meðferð þessa sérstaka ágreiningsmáls fyrir Félagsdómi byggðist á því, að Félagsdómur taldi skilyrðum 6. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna fullnægt með því að aðilar hefðu gert með sér samning um að leggja málið fyrir Félagsdóm og dómendur Félagsdóms hefðu ályktað, að þeir væru því meðmæltir að dæma um ágreining aðila, enda taldi Félagsdómur, að sú ákvörðun, Kjaradóms sem varð tilefni ágreiningsins, fæli í sér ígildi kjarasamnings.

Hæstiréttur á endanlegt úrskurðarvald um það hvort vísa beri máli frá Félagsdómi sé um það gerð krafa. Eins og mál þetta bar að gat ekki á það reynt. Því verður ekki talið, að þessi dómur Félagsdóms hafi fordæmisgildi um valdmörk Félagsdóms og Kjaradóms.

Í dómi Félagsdóms segir m.a.:

"Bréf Kjaradóms frá 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994 eru rituð án þess að þeirra formreglna, sem dómurinn starfar eftir, hafi verið gætt. Ályktanir þær sem koma fram í bréfunum fela því einungis í sér óbindandi álit um það hvernig túlka beri ákvörðunina með hliðsjón af ágreiningsefni aðilanna."


Lög mæla ekki sérstaklega fyrir um þær formreglur, sem Kjaradómi ber að starfa eftir, svo að álit hans sé bindandi. Án þess að taka afstöðu til skoðunar Félagsdóms á formreglum Kjaradóms telur dómurinn sér skylt eins og mál þetta er nú vaxið að taka að nýju ákvörðun þar sem enn er kveðið á um þau kjör, sem Kjaradómur ákvað héraðs- og hæstaréttardómurum með úrskurði sínum hinn 12. nóvember 1993, að því er varðar orlof á yfirvinnu. Í úrskurðinum var kveðið á um ákveðinn klukkustundaffjölda, sem greiddur skyldi hvern mánuð auk fastra launa, fyrir alla yfirvinnu. Augljóst er, að menn vinna hvorki fasta vinnu né yfirvinnu í orlofi. Með því að láta greiðslur fyrir hvort tveggja haldast óbreyttar á orlofstíma eru orlofslaun að fullu greidd.


Það er niðurstaða Kjaradóms, að frá og með 1. desember 1996 skuli greiða héraðs- og hæstaréttardómurum yfirvinnu og orlof með þeim hætti, sem fram kemur í bréfi Kjaradóms, til starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 18. nóvember 1993 þar sem segir m.a. :


" Skulu tilteknir eftirvinnutímar greiðast í 12 mánuði á ári hverju og af því leiðir að ekki skal reikna orlof af þeim greiðslum"


Úrskurðarorð:

Héraðs- og hæstaréttardómarar, sem taka laun skv. ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995, skulu, eins og greinir í ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993, fá þann yfirvinnustundaffjölda, sem dómurinn ákvað fyrir hvern mánuð, greiddan í tólf mánuði á ári. Með því að haga greiðslum fyrir yfirvinnuna með þeim hætti er orlof á hana að fullu greitt. Úrskurður þessi gildir frá 1. desember 1996.


Þorsteinn Júlíusson
formaður


Guðrún Zoëga


Hólmfríður Árnadóttir



Magnús Óskarsson

Sératkvæði
Jóns Sveinssonar

Með úrskurði Kjaradóms hinn 12. nóvember 1993 var ekki ætlast til greiðslu orlofs á yfirvinnutíma hæstaréttardómara og héraðsdómara sem Kjaradómur ákvað að greiddir skyldu dómurunum til viðbótar föstum launum í 12 mánuði á ári hverju.

Þó að Kjaradómi sé með lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd m.a. falið ákvörðunarvald um launamál hæstaréttardómara og héraðsdómara verður að telja að úrlausnir dómsins er lúta að túlkun og lögmæti ákvarðana hans eigi undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar, enda er Kjaradómur ekki dómstóll heldur stjórnarsýslunefnd í skilningi íslenskra laga. Fjármálaráðherra féllst á að leggja ágreining um túlkun á úrskurði Kjaradóms fyrir Félagsdóm sem hinn 14. október sl. kvað upp dóm í málinu.

Með tilvísun til ofangreinds og í ljósi þeirrar staðreyndar að víða er greitt orlof á 12 mánaða yfirvinnu ríkisstarfsmanna og starfsmanna sveitarfélaga er eðlilegt að tilhögun orlofsgreiðslna á yfirvinnu hæstaréttardómara og héraðsdómara komi til athugunar við almenna umfjöllun um launakjör þeirra sem undir Kjaradóm heyra næst þegar tilefni þykir til slíkrar heildarumfjöllunar af hálfu Kjaradóms. Niðurstaða Félagsdóms gefur því ekki sérstakt tilefni til þess að Kjaradómur kveði upp nýjan úrskurð um þetta efni. Ekki er heldur ástæða til þess að breyta fjölda yfirvinnustunda hæstaréttardómara og héraðsdómara af þessu tilefni. Ég er því ósammála ákvörðun og úrskurði meirihluta Kjaradóms.


Jón Sveinsson